

L Ö G

94

30. nóv.

um heimild til að fella niður manntal í Reykjavík.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur er heimilt að fella niður fyrir eitt ár í senn manntal samkv. lögum nr. 18 13. sept. 1901 og síðari breytingum á þeim lögum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 30. nóvember 1954.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

L Ö G

95

30. nóv.

um breyting á lögum nr. 71 24. apríl 1954, um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Heimilt skal dvalarheimili aldraðra sjómanna að stofna happdrætti um bifreiðar, bifhjól, báta, búnaðarvélar, íbúðarhús og einstakar íbúðir.

Verð happdrættismiða skal ákveðið af ráðherra, að fengnum tillögum frá stjórn dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 30. nóvember 1954.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.